

## Fundur Fjár- og Hjarðhundadeildar 23.05 .18

Café Meski kl 18:00. Guðríður ritar fundinn, mætt eru Guðríður, Hilmar, Smári og Heidi.

1. Stjórn skiptir með sér verkum:  
Hilmar heldu áfram sem formaður, Guðríður ritari og Smári tekur við af Svönu sem gjaldkeri. Svava og Heidi eru meðstjórnendur.  
Smári ætlar að sjá hvort hann geti ekk istofnað sér reikning fyrir deildina, svo að fjármálin þurfi ekki að vera inni á banka hjá stjórnarmanni.
2. Deildarsýningin 20. Oktober. Guðríður var búin að þanna reiðhöllina á Flúðum og það stendur ennþá til boða. En Anna Björg hefur boðið stjórn að koma og skoða aðstöðuna í nýju reiðhöllinni hjá þeim að Sunnuhvoli. Stjórnung ætlar auðvitað að byggja það með þökkum.  
Föstudaginn ca kl 18 ætlum við að heimsækja ábúendur á Sunnuhvoli og skoða aðstöðuna ☺  
  
Finna góða sponsora á sýninguna, t.d SS (pedigree) og Landstólpa (Josera).  
  
Hilmar ætlar að koma umsókninni fyrir sýninguna inn á skrifstofu HRFI á morgun.  
  
Huga að dómurum, Heidi þekkir eitthvað til dómara á norðurlöndunum og ætlar að skoða hvort einhverjir séu með sérkunnáttu í grúbbunni. Smári veit af líka af einum dómara og Svava var búinn að láta Guðríði vita af einhverjum uppástungum af dómurum.  
Guðríður sér um að taka þetta saman og kanna hvaða dómarar síðan gætu mögulega komist.
3. Heidi kemur með uppástungu varðandi fjáröflun fyrir deildina, að hadla gæludýra sýningu eða hundasýningu þar sem allir hugar meiga taka þátt, einhver leikmaður er fenginn til að dæma og svo er útsláttarkeppni þar til einn stendur uppi sem sigurvegar. Þetta gerðu þau mikið í noregi, þetta var afslappað skemmtilegt og gaman ☺
4. Hilmar segir frá því að á aðalfundinum var kynntur samningur við danska kennelklúbbinn um að tengjast tölvukerfinu hjá dnaska klúbnum.